

Tré ársins 2019 – rauðgreni (*Picea abies*) í Elliðaár-  
hólma. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir

Tré ársins 2019:  
Rauðgreni (*Picea abies*) í Elliðaárhólma



Skógræktarfélag Íslands útnefndi Tré ársins þann 14. október fyrir árið 2019. Er það rauðgreni (*Picea abies*), kvæmi að öllum líkindum Löten N sem stendur í Elliðaárhólma og var tréð gróðursett kringum 1975. Er þetta í fyrsta sinn sem rauðgreni er útnefnd Tré ársins. Við athöfnina fluttu Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávarp, auk þess sem Dagur tók við viðurkenningsgjafi. Einnig afhjúpaði Hafberg Þórisson frá Lambhaga skjöld sem markar tréð, en Lambhagi er styrktaraðili Trés ársins. Einnig flutti Lára Rúnarsdóttir tónlist og Orkuveitan bauð upp á kaffi og kruðurí.

Mælingar sem gerðar voru á trénu þann 1. nóvember 2019, sem Ólafur G.E. Sæmundsen skógfræðingur framkvæmdi, sýna að tréð mældist 12,20 metrar með stangarmælingu. Bolþvermál í 1,30 m

(brjóstmál) er 23,7 cm að meðaltali. Áhringir (með kjarnabor) reyndust  $41 + 4 = 45$  ár. Því er áætlað gróðursetningarár 1975 með skekkju upp á 2 – 3 ár. Reiknað bolrúmmál út frá þvermáli og hæð er 250 lítrar (23,7 cm þvermál (þvermál 1,30 m), hæð 12,20 m). Hnit trésins er: 64.06.59 N – 21.500.00.

Trjárækt hófst í Elliðaárdal um svipað leyti og gamla rafstöðin var reist upp úr 1920. Trjárækt í Elliðaárhólma hófst hins vegar árið 1951 eftir að Steingrímur Jónsson, þáverandi rafmagnsstjóri, hafði lagt fram kostnaðaráætlun um uppsetningu girðingar í Elliðaárhólma árið 1950 með það í huga að verja þann gróður sem innan girðingar yrði. Kostnaðaráætlunin var samþykkt í bæjarráði og þá var hafist handa við uppsetningu girðingar um haustið 1950.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tekur við viðurkenningsgjafi úr hendi Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands. Mynd: RF



Úr skógræktarferð Rafmagnsveitufólks í Elliðaárbólma 1951. Í baksýn sést Bústaðaholt. Gróðurfar bæði í hólmanum og í byggðinni sem nú er komin í holtið hefur tekið miklum breytingum. Mynd: OR/Ögmundur Sigurðsson



Starfsfólk Rafmagnsveitunnar við gróðursetningu í Elliðaárbólma árið 1951. Þarna er nú vaxinn upp hinn fallegasti skógur, sem vinsæll er til útivistar. Mynd: OR/Ögmundur Sigurðsson

Eins og fyrr segir þá var byrjað að gróðursetja í hólmann 1951, var það á 30 ára afmæli Rafmagnsveitunnar þann 27. júní. Starfsfólk Rafmagnsveitunnar tók til

hendinni og gróðursettu 3.000 plöntur, sem ekki hefur verið auðvelt í þessu hraunlandi, svo þetta hefur verið mikið þrekvirkni af hálfu starfsmanna. Ekki er hallað á



Safnast saman við tréð í upphafi athafnar. Eins og sjá má stendur tréð inni í hinum vöxtulegasta skógi og er gaman að bera það saman við gróðurfarið í hólmanum þegar hafist var handa við gróðursetningu árið 1951, eins og sést á myndum Ögmundar Sigurðssonar. Mynd: RF

nokkurn mann þó að nafn Kjartans heitin Sveinssonar sé sérstaklega dregið fram því hann var allt í öllu í sambandi við gróðursetningu í Elliðaárdal. Ekki hefði Elliðaárhólminn litið svona út í dag nema að margar hendur lögðu hönd á plóginn og var Kjartan þar fremstur í flokki. Kjartan var heiðraður fyrir framlag sitt af Rafmagnsveitunni á afmælisdegi veitunnar með því að koma fyrir áletruðum steini á þeim stað þar sem Kjartan hafði komið upp vermireit fyrir plöntur áður en þær voru gróðursettar úti í hólma. Staður þessi fékk nafnið Kjartanslundur og er fyrir neðan félagsheimili Rafveitunnar.

Þegar tré ársins var gróðursett hefur það væntanlega verið gert af Skógræktarfélagi Reykjavíkur sem tók við gróðursetningu upp úr 1970 og alfarið með umsjón og eftirliti með Elliðaárhólma eftir að Kjartan hætti 1981. Þess má einnig geta að Kjartan var í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur til margra ára.

Þegar Tré ársins og önnur rauðgreni allt um kring voru gróðursett hefur það ugglaust verið gert í skjóli þeirra trjáa sem fyrir voru og er það væntanlega ástæða þess að rauðgrenin döfnuðu eins vel og raun ber vitni því Elliðaárhólminn var ekki kjörlendi rauðgrenis í upphafi gróðursetningar þar. Tré ársins er ekki hæsta rauðgrenitréð á þessu svæði en er það fallegasta því það hefur notið þess að vera ekki nálægt öðrum grenitrjám eins og sum önnur sem bera þess merki heldur verið umkringt birkitrjám sem hafa hleypt birtu að. Það er nauðsynlegt að grisja skóginn á þessu svæði betur og gefa rauðgrenitrjám á þessu svæði meira rými til að þau fái að njóta sín og mannfólkinu færi á að njóta fegurðar þeirra. Einkenni þeirra rauðgrenitrjáa sem hafa ekki notið skjólsins í hólmanum er að flest hver hafa kalið í uppvextinum og myndað marga toppa sem hver og einn keppir um fyrsta sætið.

Höfundur: BJÖRN JÚLÍUSSON

## Sparaðu og styrktu Skógræktarfélag Íslands í leiðinni!



Sæktu um þinn lykil á [www.orkan.is/skograekt](http://www.orkan.is/skograekt)

### Þú færð:

20 kr. afslátt fyrstu þrjú skiptin  
16 kr. á afmælisdaginn  
10 kr. hjá Orkunni

20-40% af kaffi í verslunum Kvikk  
10-20% af bílatengdum vörum

### Skógræktarfélag Íslands fær:

Skeljungur heitir 2.500 kr. á hvern lykil í hóp Skógræktarfélagsins sem nær 250 lítra veltu, að auki rennur 1 kr. af hverjum seldum lítra til félagsins.

Ath afslátturinn gildir ekki á Orkunni Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Hraunbæ

